

M.S. gegn Finnlandi

Dómur frá 22. mars 2005

Mál nr. 46601/99

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Aðgangur að gögnum í refsímáli. Jafnræði málsaðila.

1. Málsatvik

Kærandi er gambískur ríkisborgari, fæddur 1955 og býr í Gambíu. Var hann kærður til lögreglu í Finnlandi fyrir ítrekuð gróf kynferðisbrot gegn þáverandi stjúp dóttur sinni á heimili þeirra. Var hún þá 15 ára. Hann mótmælti því við meðferð refsímálsins að þau hefðu nokkurn tíma verið ein í íbúðinni þar sem hin meintu brot áttu að hafa farið fram.

Þann 27. september 1996 var kærandi með dómi undirréttar dæmdur til 11 mánaða fangelsisvistar og gert að greiða þolanda bætur. Rannsókn málsins hófst eftir að stjúp dóttir kæranda gaf skýrslu um hin meintu brot hjá lögreglu 14. ágúst 1996. Fyrir undirrétti gáfu brotaþoli, trúnaðarmaður hennar og þáverandi eiginkona kæranda skýrslu. Framburður þáverandi eiginkonu kæranda studdi ekki þann framburð hans að hann hefði aldrei verið einn með stjúp dóttur sinni í framangreindri íbúð.

Kærandi áfrýjaði dóminum til áfrýjunardómstóls í Helsinki 28. október 1996, en meðfylgjandi áfrýjuninni var yfirlýsing fyrirverandi eiginkonu hans þar sem hún breytti framburði sínum þannig að hún studdi framburð kæranda. Krafðist kærandi ennfremur munnlegrar meðferðar málsins. Þann 26. nóvember 1996, eftir að útrunninn var sá tími sem leggja mátti fram skrifleg gögn fyrir áfrýjunardómstólinn, lagði fyrirverandi eiginkona kæranda fram bréf þar sem hún dró fyrirnefnda yfirlýsingu sína til baka. Þann 1. júlí 1997 staðfesti áfrýjunardómstóll dóm undirréttar án þess að málið væri munnlega flutt.

Kæranda varð fyrst kunnugt um að eiginkona hans hefði dregið yfirlýsingu sína til baka þegar honum var birtur dómur áfrýjunardómstóls. Þar kom meðal annars fram að yfirlýsing sú sem fylgdi áfrýjun kæranda hefði að sögn eiginkonunnar verið skrifuð undir miklum þrýstingi. Var það mat áfrýjunardómstólsins að enginn vafi væri á því að framburður konunnar fyrir undirrétti hefði verið réttur. Hefði því auðsjáanlega verið óþarft að óska eftir andmælum kæranda vegna breytingar á yfirlýsingunni.

Beiðni kæranda um áfrýjun málsins til Hæstaréttar var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að hann hefði ekki fengið kost á að koma að andsvörum vegna afturköllunar fyrirverandi eiginkonu sinnar á yfirlýsingu þar sem hún breytti framburði sínum, sem hafði verið til hagsbóta fyrir kæranda. Kærandi taldi með þessu hafa verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar skv. 1. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að jafnræði aðila, einn þátta réttlátrar málsmeðferðar, feli í sér að aðilar fái sömu möguleika til að færa fram mál sitt. Hefði framangreint bréf eiginkonu kæranda þar sem hún dró yfirlýsingu sína til baka hvorki verið kynnt kæranda né saksóknara málsins. Hefði því ekki verið brotið gegn jafnræði málsaðila. Hins vegar feli rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar einnig í sér rétt málsaðila til að fá vitneskju og tækifæri til að tjá sig um öll sönnunargögn og málsástæður sem eru færð fram við dómstól. Dómstóllinn hafnaði þeirri málsástæðu finnska ríkisins að afturköllun yfirlýsingarinnar frá 26. nóvember hefði ekki haft nein áhrif á niðurstöðu málsins. Taldi dómstóllinn að afturköllun yfirlýsingar þeirrar sem fylgdi með áfrýjun kæranda hefði greinilega getað haft áhrif á niðurstöðu áfrýjunardómstólsins, eins og fram kom í dóminum sjálfum.

Aðeins aðilar málsins sjálfir gátu ákveðið hvort bréfið kallaði á svör þeirra. Það sem sérstaklega skipti máli hér væri traust sem aðilar refsímáls bæru til dómstóla, sem byggðist meðal annars á vitneskju þeirra um að þeir hafi fengið tækifæri til að koma fram með andsvör við þau gögn sem lögð væru fram við meðferð málsins.

Kanna þyrfti hvort Hæstiréttur hefði getað bætt að einhverju leyti úr ætluðu broti á jafnræði málsaðila fyrir áfrýjunardómstólnum. Enda væri það viðurkennt af dómstólnum að galli á málsmeðferð á lægri dómstigum geti verið leiðréttur við áfrýjun, ef áfrýjunardómstóllinn hefur fulla endurskoðunarheimild á hinum áfrýjaða dómi, þ.e. til að ógilda hann og taka nýja ákvörðun eða vísa málinu til undirréttar til nýrrar efnismeðferðar.

Málsmeðferðin fyrir Hæstarétti varðaði aðeins spurningu um hvort leyfi til áfrýjunar yrði veitt, en ekki efnislegt mat á máli kæranda. Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að Hæstiréttur hefði ekki getað rétt úr ætluðu ójafnræði í málsmeðferð áfrýjunardómstólsins. Var því brotið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE.

Samkvæmt 41. gr. voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 500 evrur vegna kostnaðar og útgjalda.